



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

/ag

Rvk. 24.04.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, atvinnuþróun og nýsköpun, 731. mál.

Samtökin þakka fyrir umsagnarbeiðni Iðnaðarnefndar vegna frumvarps til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, atvinnuþróun og nýsköpun. Fulltrúar samtakanna fengu kynningu á málinu á vinnslustigi þess frá Iðnaðarráðuneytinu, einkum að því er varðar annað frumvarp um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem enn fremur er til meðferðar í Alþingi. Þá héldu fulltrúar samtakanna og ráðuneytisins sérstakan fund vegna þessa frumvarps eftir að það var lagt fram.

Það eru einkum tvö atriði sem samtökin vilja leggja áherslu á í meðferð þessa máls. Annars vegar telja samtökin nauðsynlegt að frumvarpinu fylgi stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til Tækniþróunarsjóðs á næstu árum. Við stofnun sjóðsins var gerð áætlun um fjárveitingar til sjóðsins sem fylgt hefur verið og haft mikla þýðingu fyrir uppbyggingu hans og stuðning við rannsóknastarf í þágu atvinnulífsins. Á næsta ári munu fjárveitingar til sjóðsins nema 550 milljónum króna. Miðað við þær fjárveitingar hefur sjóðurinn þó ekki bolmagn til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem gert er ráð fyrir að hann sinni skv. 9. gr. frv. og hætt við því að hann eigi erfitt með að standa undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar.

Hins vegar leggja samtökin eindregið til að Íslenskar tæknirannsóknir sbr. 5. gr. frv. verði reknar í hlutafélagsformi. Vísa samtökin þar til frv. um sameiningu stofnana sem sinna matvæla- rannsóknnum og telja að sú leið sem þar er farin sé góð fyrirmynd að því hvernig haga eigi starfsemi Íslenskra tæknirannsókna. Það sem einkum vinnst með því að koma þessari starfsemi á hlutafélagsform er að áherslan verður á árangurinn af starfseminni og þá þjónustu sem ríkið er að kaupa, enda yrði þá gerður sérstakur samningur milli ríkisins og fyrirtækisins um viðskiptin. Þá er starfsemin mun sveigjanlegri í hlutafélagsformi þar sem samstarfsmöguleikar milli Íslenskra tæknirannsókna og aðila í atvinnulífinu yrðu mun fleiri ekki síst í möguleikum fyrir aðila að gerast hluthafar í fyrirtækinu og standa að margskonar annarri samvinnu um rekstur sprotafyrirtækja eða annarrar nýsköpunarstarfsemi.

Verði tekið tillit til ofangreindra áhersluatriða samtakanna styðja þau að þetta frumvarp fái brautargengi og telja að það geti leitt til betri og markvissari stuðnings ríkisins við tæknirannsóknir, atvinnuþróun og nýsköpun.

Virðingarfyllst,




Samtök atvinnulífsins




Samtök iðnaðarins




Landssamband ísl. útvegsmanna



Samtök ferðaþjónustunnar




SVP - Samtök verslunar og þjónustu



Samtök fjármálafyrirtækja



Samtök fiskvinnslustöðva



Samorka

